

## IV. Rangárvallasýsla:

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. . . . .	2108	46
2. Niðurjöfnunargjald . . . . .	1233	47
3. Vegagjald . . . . .	870	98
	<u>kr. 4212</u>	91

## Gjöld:

1. Sýslugjöld . . . . .	1504	04
2. Vegabótakostnaður . . . . .	829	86
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a. Niðurjöfnunargjald . . . . .	139	85
b. Sýsluvegagjald . . . . .	1739	16
	<u>kr. 4212</u>	91

## V. Árnessýsla.

## Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á. . . . .	1272,19
2. Niðurjöfnunargjald . . . . .	1865,50
3. Vegagjald . . . . .	867,07
	<u>kr. . . . 4004,76</u>

## Gjöld:

1. Sýslugjöld . . . . .	1620,14
2. Vegabótakostnaður . . . . .	1866,48
3. Eptirstöðvar til næsta árs:	
a. Niðurjöfnunargjald . . . . .	517,55
b. Vegagjald . . . . .	0,59
	<u>kr. . . . 4004,76</u>

(Framh.).

## Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum

**Kunngjörir:** Samkvæmt fyrirmælum laga nr. 18. 22. maí 1890 6. gr. hefur sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu gjört svohljóðandi:

**Samþykkt**

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Austur-Skaptafellssýslu.

## 1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af sýslunefnd 2—3 menn til að lækna hunda af bandormum og hafa eptirlit með því, að fylgt sje tyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890.

## 2. gr.

Lækningamenn þessir skulu tvisar á ári, í apríl og nóvember, safna að sjer öllum hundum í hreppnum og skulu þeir tilkynna eigendum þeirra með

viku fyrirvara, hvenær hundarnir eiga að koma til þeirra. Skylt er eigendum **109** hundanna að flytja þá á lækningastaðinn.

3. gr.

Þá er lækningamenn hafa safnað hundunum að sjer, skulu þeir binda þá í úthýsi, þó eigi í heyhlöðum nje fjárhúsum, og gefa hverjum hundi inn 8 grömm af »Kamala«, úthrærðu í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma milli-bili. Þann tíma mega hundarnir einkis neyta.†

Sýslunefndin annast útvegum meðala og sjer um, að ávallt sje til næg-ar byrgðir af þeim.

4. gr.

Þá er hundarnir hafa verið í varðhaldi í 24 tíma og meðalið hefur verkað, skulu þeir baðaðir í sjó eða keitu, og síðan skal þeim sleppt. Hús það, er hundarnir hafa verið geymdir í skal vandlega hreinsað, og allur saur úr þeim grafinn að minnsta kosti 2 álnir niður í jörð og vandlega hulið yfir.

5. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, er löggilt er af sýslumanni; skulu þeir rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga það árið frá hverjum einum; fyrir hver árslok skulu þeir senda til oddvita sýslunefndarinnar skýrslu samhljóða bókinni.

6. gr.

Allir þeir hundar, er enginn finnst eigandi að, skulu lækningamenn annast um, að sje þegar drepnir.

7. gr.

Fyrir hvern hund skal greiða lækningamönnum úr sýslusjóði 30 aura, samkvæmt reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

8. gr.

Á hverju hreppþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsþúum, að taka alla þá sulli, er finnast í slátruðu sauðfje og brenna þá eða grafa djúpt í jörðu, einnig að grafa hausa af höfuðsóttarkindum. Sömuleiðis skulu þeir áminna menn að umgangast hunda mjög varlega og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái eigi í matar- eða vatnsílát, nje að þeir fái að liggja í rúmum manna. Börnum skal alls eigi leyft að leika sjer að hundum.

9. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum, 1—10 krónum, eptir mála-vöxtum.

Þetta er öllum hlutaðeigendum hjer með til vitundar gefið.

Undir mín hönd og embættisinnsigli.

Skrifstofu Skaptafellssýslu 6. nóv. 1893.

**Guðl. Guðmundsson.**

(L. S).